


✉ Re: Verslun og þjónusta í Ráðagerði – Lýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 og á deiliskipulagi Vestursvæðis sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Búið til	18.11.2020 11:06:22
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	18.11.2020 11:06:22
Tilheyrir	 202011-0003 - Verslun og þjónusta í Ráðagerði – Lýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 og á deiliskipulagi Vestursvæðis

Efni

Re: Verslun og þjónusta í Ráðagerði – Lýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 og á deiliskipulagi Vestursvæðis sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	18.11.2020 11:06:22	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	hvor.palsdottir@seltjarnarnes.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202011-0003 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Seltjarnarnesbæ, dags. 2. nóvember sl., þar sem kynnt er tillaga, lýsing, vegna tillögu um að heimila veitingaþjónustu í Ráðagerði rétt við Gróttu.

Náttúrufræðistofnun telur efni lýsingarinnar, tillögunnar, vera fyrir utan verksvið stofnunarinnar og gerir því ekki athugasemd við hana. Stofnunin bendir hins vegar á, og gerir ráð fyrir, að við vinnslu málsins verði alltaf hugað að því hvort einhverjar breytingar á þessu svæði geti haft neikvæð áhrif á náttúruminjasvæði í grenndinni.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



From: "Hervör Pálsdóttir" <hervor.palsdottir@seltjarnarnes.is>
To: "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "eftirlit@eftirlit.is" <eftirlit@eftirlit.is>; "usk@reykjavik.is" <usk@reykjavik.is>; "Skipulagsstofnun" <skipulag@skipulag.is>
CC: "Einar Már Steingrímsson" <einar.m.steingrimsson@seltjarnarnes.is>; "Margrét Harðardóttir" <margret.hardardottir@seltjarnarnes.is>
Subject: Verslun og þjónusta í Ráðagerði – Lýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 og á deiliskipulagi Vestursvæðis sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Date: 2.11.2020 11:43:59

Til umsagnaraðila

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur áhuga á að í Ráðagerði verði heimilud veitingaþjónusta í flokki II, skv. 17. gr. reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016. Flokkur II er skilgreindur þannig: Umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemi er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværrri tónlist og kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu. Vegna þessa þarf að breyta aðalskipulagi og deiliskipulagi fyrir Ráðagerði. Í núgildandi aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar, sem var staðfest 21. febrúar 2017, er Ráðagerði innan íbúðarsvæðis ÍB-10, Bygggarða. Í skipulaginu er mörkuð stefna um að innan íbúðarsvæða sé ekki gert ráð fyrir veitingastöðum í flokki II og því nauðsynlegt að breyta stefnu um landnotkun til þess að slík starfsemi geti verið heimil í húsinu. Tillaga um breytingu á aðalskipulagi mun fela í sér afmörkun nýs reits í flokki verslunar og þjónustu, sem nær utan um húsið og svæði fyrir bílastæði norður af húsinu, að Norðurströnd.

Deiliskipulag Vestursvæðis tók gildi í september 2017. Tillaga um breytingu á deiliskipulaginu mun fela í sér afmörkun bílastæða norðan við húsið, hugsanlega göngutengingar að því og landmótun. Bílastæðið mun einnig þjóna útivistarsvæðinu. Lóð fyrir Ráðagerði er þegar skilgreind í gildandi deiliskipulagi en tilgreindri notkun lóðarinnar verður breytt í veitingahús í flokki II.

Gerð hefur verið lýsing, þar sem fyrirætlunum og staðháttum er lýst. Bæjarstjórn samþykkti þann 28. október sl. að kynna lýsingu á breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi. Lýsingin er fyrsta skrefið í framangreindum skipulagsbreytingum og er hún sett fram og kynnt í samræmi við 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Verslun og þjónusta í Ráðagerði – Lýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 og á deiliskipulagi Vestursvæðis (PDF skjal) (<http://www.seltjarnarnes.is/media/skipulag/Verslun-og-thjonusta-i-Radagerdi.pdf>)

Frestur til að skila athugasemdum eða ábendingum er ákveðinn til og 13. nóvember 2020. Athugasemdum eða öðru má skila á netfangið postur@seltjarnarnes.is (mailto:postur@seltjarnarnes.is) eða á Bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes.

Sjá einnig hér: <http://www.seltjarnarnes.is/thjonusta/umhverfi/skipulag/frettir/nr/11624>
(<http://www.seltjarnarnes.is/thjonusta/umhverfi/skipulag/frettir/nr/11624>)

Vinsamlegast staðfestið móttöku tölvupósts þessa.

Einar Már Steingrímsson,
sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Virðingarfyllst,

f.h. sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs

Hervör Pálsdóttir

Bæjarskrifstofur Seltjarnarness

Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes

Sími: 595 9100, Fax: 595 9102

Netfang: hervor.palsdottir@seltjarnarnes.is (<mailto:hervor.palsdottir@seltjarnarnes.is>)

Fyrirvari/Disclaimer: <http://www.seltjarnarnes.is/tolvupostur/> (<http://www.seltjarnarnes.is/tolvupostur/>)

Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)